

2. í kröfugerð hans. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 70.000,00 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Grein 2.7. í framangreindum kjarasamningi málsaðila tekur til launaflokka samkvæmt 2. kafla samningsins, en gildir ekki um yfirborganir.

Stefnandi, Félag bókagerðarmanna, greiði stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins, kr. 70.000,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. apríl 1991.

Nr. 1/1991.

Félag íslenskra náttúrufræðinga

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.),

Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands

(Valborg Snævarr cand.jur.)

og Félagi háskólakennara

(enginn).

Dómarar.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 11. apríl s.l., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 12. febrúar 1991.

Stefnandi málsins er Félag íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík, Samtök stundakennara við Háskóla Íslands, kt. 480488-1569, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík, og Félag háskólakennara, kt. 570172-0699, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda fjármálaráðherra f.h., ríkissjóðs eru þessar:

1. Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að gera kjarasamninga við stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu við Háskóla Íslands.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ákvæði kjarasamnings Félags háskólakennara, sem lúta að greiðslum fyrir stundakennslu, skuli, þar til annar kjarasamningur hefur verið gerður, gilda um stundakennslu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru ríkisstarfsmenn og sinna slíkri kennslu í Háskóla Íslands.
3. Að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Samtökum stundakennara og Félagi háskólakennara eru þær kröfur gerðar, að þessum félögum verði gert að þola dóm í málinu um stefnukröfurnar, svo farnar sem þær verða dæmdar í málinu.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eru þær aðallega, að málinu verði í heild sinni eða að hluta vísað frá Félagsdómi, ennfremur, að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði með eða án frávísunar að hluta sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands er tölulið 1 í kröfugerð stefnanda mótmælt, eins og hann er fram settur. Tölulið 2 er ekki mótmælt. Af hálfu þessa stefnda er liðið

svo á, að tölulið 3 í kröfugerð stefnanda sé eingöngu beint gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefnda Félags háskólakennara er fallist á þær kröfur, sem gerðar eru í málinu á hendur félaginu.

Í þinghaldi þann 14. mars sl. var af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gerð sú krafa, að einn dómenda, Þorsteinn A. Jónsson, sem tilnefndur var til setu í dóminum af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR), viki sæti. Munnlegur málflutningur fór fram um kröfu þessa 11. apríl sl., og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi.

Auk kröfu um, að Þorsteinn A. Jónsson viki sæti, var af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefnanda var sú krafa gerð í þessum þætti málsins, að kröfu stefnda fjármálaráðherra yrði hafnað og jafnframt krafist málskostnaðar stefnanda til handa.

Af hálfu stefndu Samtaka stundakennara við Háskóla Íslands og Félags háskólakennara voru engar kröfur gerðar í þessum þætti málsins.

Kröfu sína í þessum þætti málsins styður stefndi þeim rökum, að mál það, sem hér er til úrlausnar, sé prófmál fyrir mörg eða flest félög innan BHMR. Niðurstaða í þessu máli muni því í raun skera úr um réttarstöðu félagsmanna í öðrum félögum innan BHMR, sem sinni stundakennslu í Háskóla Íslands sem aukastarfi. Hið sama eigi við um stundakennslu, sem þeir sinni sem aukastarfi í öðrum skólum á háskólastigi en Háskóla Íslands.

Eiginkona Þorsteins A. Jónssonar, Martha Á. Hjálmarsdóttir, sé formaður Meinatæknafélags Íslands, sem er eitt aðildarfélaga BHMR. Meinatæknafélag Íslands hafi þannig í raun sömu hagsmuni af niðurstöðu þessa máls og Félag íslenskra náttúrufræðinga, stefnandi málsins.

Í annan stað sinni Martha stundakennslu sem aukastarfi við Tækniskóla Íslands. Þorsteinn A. Jónssona og aðili nátengdur honum hafi þannig beina og sérstaka fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu máls þessa.

Með vísan til framanritaðs telji stefndi, að Þorsteinn A. Jónsson uppfylli ekki dómarskilyrði til setu í málinu.

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að krafa stefnda sé of seint

fram komin, og jafnframt er henni efnislega mótmælt. Stefnandi telur, að Þorsteinn A. Jónsson uppfylli skilyrði til þess að sitja sem dómari í þessu máli. Hann sé tilnefndur til setu í dóminum af hálfu BHMR í samræmi við lagaskyldu samtakanna. Í málinu sé deilt um réttarstöðu stundakennara við Háskóla Íslands, en ekki Tækniskóla Íslands. Stefnandi þessa máls sé Félag íslenskra náttúrufræðinga, en ekki Meinataeknafélag Íslands. Störf eiginkonu Þorsteins A. Jónssonar séu máli þessu óviðkomandi.

Kröfu stefnda verður ekki hafnað á þeirri forsendu, að hún sé of seint fram komin.

Í IV. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eru ákvæði um Félagsdóm. Samkvæmt 39. gr. laganna eigi sæti í dóminum fimm menn, skipaðir til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstaréttur tilnefnir og tveir af Hæstarétti.

Þegar Félagsdómur dæmir í málum samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þá nefna annars vegar heildarsamtök stéttarfélaga og hins vegar fjármálaráðherra eða Samband íslenskra sveitarfélaga dómara til setu í dóminum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, sbr. 27. gr. sömu laga.

Dómarinn Þorsteinn A. Jónsson er í samræmi við 27. gr. laga nr. 94/1986 tilnefndur til setu í dóminum af Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, sem stefnandi máls þessa, Félag íslenskra náttúrufræðinga, er aðili að.

Samkvæmt 48. gr. laga nr. 80/1938 skulu þeir dómarar, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, víkja eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara, en í 6. gr. laga nr. 75/1973 eru reglur um það efni. Ekki hafa lög nr. 80/1938 sérstök ákvæði um það, hvenær hinir dómarar Félagsdóms eigi að víkja sæti. Þykir ekki felast í 69. gr. laganna, að um þetta skuli gilda reglur laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Með gagnályktun frá ákvæðum 48. gr. laga nr. 80/1938 taka hin sérstöku dómarskilyrði þeirra dómara Félagsdóms, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, ekki til dómara þeirra, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum aðilum. Þykir af því leiða, að þessum aðilum sé heimilt að

tilnefna til setu í Félagsdómi þá menn, sem fullnægja almennum skilyrðum fyrri hluta 42. gr. laga nr. 80/1938. Um hæfi dómara, sem tilnefndir eru samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 94/1986 gilda sérstök hæfisskilyrði skv. 6. mgr. 27. gr. laganna, en það ákvæði er svohljóðandi: „Hinir tilnefndu dómara skulu ekki eiga sæti í aðal- eða varastjórnnum eða samningsnefndum viðkomandi stéttarfélaga né í samninganefndum ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.“ Við skýringu þessa ákvæðis þykir verða að líta til þess, að það var lögfest, eftir að úrskurður Félagsdóms gekk 22. mars 1979 í málinu nr. 4/1978. Verður þetta lagaákvæði ekki talið standa því í vegi, að Þorsteinn A. Jónsson sitji í dóminum í máli þessu. Ber því að hafna þeirri kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, að hann víki sæti.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Úrskurð þennan kváðu upp Kristjana Jónsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Ragnar Halldór Hall og Þorsteinn A. Jónsson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um, að Þorsteinn A. Jónsson víki sæti sem dómari í máli þessu, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

26-13.